

Borgarstjórn Reykjavíkur
1. mars 2016

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Bjartrar Framtíðar, Vinstri grænna og Pírata um heildstæða matarstefnu

Borgarstjórn samþykkir að stofnaður verði stýrihópur sem hefur það hlutverk að móta heildstæða matarstefnu fyrir Reykjavík. Við mótun stefunnar skal taka mið af sjálfbærni, næringarmarkmiðum, lýðheilsu, félagslegum þáttum, rekstrarfyrirkomulagi, framleiðslumöguleikum og hagkvæmni. Starfshópurinn byggir á þeim skýrslum og úttektum sem þegar hafa verið unnar innan borgarkerfisins til viðbótar við utanaðkomandi rannsóknir, þekkingu og reynslu hérlendis sem erlendis.

Greinargerð

Mikilvægt er að fólk geti treyst því að máltíðir framreiddar af Reykjavíkurborg séu vel samansettar og góðar, að þær séu framleiddar í sátt við umhverfi og náttúru og að dregið sé úr sóun eftir fremsta megni. Megin markmið með því að móta matarstefnu er að stuðla að betri heilsu Reykvíkinga, styrkja máltíðapjónustu og stuðla að því að borgin nái markmiðum sínum hvað varðar öryggi, sjálfbærni, lýðheilsu og hagkvæmni. Koma þarf til móts við ólíkar þarfir ólíkra hópa. Reykjavíkurborg framleiðir milljónir máltíða á ári hverju og ber mikla ábyrgð á næringarástandi þeirra sem reiða sig nær eingöngu eða að hluta á máltíðir frá borginni og getur með vali sínu á matvælum einnig haft gríðarleg áhrif á þróun matvælaframboðs. Við gerð stefnu sem þessarar er mikilvægt að þétt samráð sé haft við notendur þjónustunnar.